



# Kaffi Laugalækur

UMHVERFISSKÝRSLA 2017-18

- Notum ekkert plast
- Endurvinnum mjög mikið
- Verslum mikið við nálæga og vistvæna birgja
- Hjólum, göngum og tókum strætó í vinnuna
- Vinnum með samfélaginu

## UMHVERFISSTEFNA<sup>1</sup>

Við tileinkum okkur eftirfarandi áherslur í starfsemi Kaffi Laugalækjar:

- Nýta afurðir beint frá framleiðendum á nærliggjandi svæðum eins og unnt er.
- Leitast við að minnka kolefnisspor í starfseminni eins og unnt er.
- Flokka rusl með endurvinnslu og umhverfisvitund að leiðarljósi, flokka pappír/plast/ál/tré/lífrænan úrgang og losa eftir þeim vistvænu leiðum sem boðið er upp á.
- Nota einungis vistvænar hreinsivörur í starfseminni.

## ÁRANGUR 2017-18

Endurvinnsla	Birgjar & vistvænar vörur
<b>Við erum með mikla endurvinnslu og flokkum í sjö mismunandi flokka:</b> Pappír, lífrænt, plast, flöskur og dósir, matarolía, almennt og föt, málm. Matarolían okkar er notuð til að búa til eldsneyti.	<b>Allar umbúðir okkar eru vistvænar.</b> Lok á kaffimál og rör eru úr sykurreyr. <b>Þjóðum afslátt fyrir þá sem koma með eigið götumál.<sup>2</sup></b> <b>Kjúklingurinn okkar er velferðarkjúklingur.</b> <b>Notum engan eldisfisk úr opnum sjókvíum.</b> <b>Verslum mikið við nálæga birgja og framleiðendur.</b>
Samgöngur	Samfélag
<b>Um 95% ferða starfsfólks í og úr vinnu eru vistvænar:</b> gangandi, hjólandi og strætó. Ein kom á gönguskíðum þegar aðstæður leyfðu. Flest starfsfólkið okkar býr í hverfinu.	<b>Fjöldi viðburða fyrir hverfið og samfélagið.</b> <b>Styrkjum samtök.</b> Dæmi eru Nýtnikaffi í samstarfi við Umhverfisstofnun. Hverfismarkaður með Íbúasamtökum og hátíðir í samstarfi við verslanir í Laugalæk. Krakkafjör og fleira. Styrkir til Þróttis íþróttafélags. Plokkað með Seeds sjálfbóaliðum.

## NÆSTU SKREF 2019

1. Nota enn vistvænnari hreinsiefni.
2. Hreinsa aftur umhverfið með fleiri plokki viðburðum í Laugarnesi.
3. Halda áfram góðum árangri sem við höfum náð og samstarfi við önnur fyrirtæki og samtök
4. Bæta tölulegar upplýsingar um endurvinnslu og aðra þætti í umhverfisstefnu okkar

<sup>1</sup> Frá því að við opnuðum árið 2016 höfum við haft þessi markmið en bættum okkur smám saman í eftirfylgni og stefnan var svo uppfærð í samstarfi við Frú Laugu í upphafi ársins 2017.

<sup>2</sup> Eina undantekningin í upphafi voru plaströr en við höfum nú skipt þeim út fyrir vistvæn rör unnin úr sykurreyr.